

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. september 2009 í máli nr. E-2452/2009:

Guðmundur Blöndal

(Hulda Rós Rúriksdóttir hrl.)

gegn

Gulli og demöntum ehf

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Mál þetta höfðaði Guðmundur Blöndal, Sléttuvegi 3, Reykjavík, með stefnu birtri 17. febrúar 2009, á hendur Gulli og demöntum ehf., Skólavörðustíg 2, Reykjavík. Málið var dómtekið 9. september sl., en endurupptekið og dómtekið á ný fyrir í dag.

Stefnandi krefst greiðslu á 3.775.438 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 frá 10. mars 2008 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar samtals að fjárhæð 352.958 krónur, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Honum var veitt gjafsókn 9. september sl.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi krefur stefnda um laun á starfstíma sínum samkvæmt námssamningi.

Aðilar undirrituðu samning um nám stefnanda í gull og silfursmíði 16. mars 2005. Stefndi var vinnuveitandi samkvæmt samningnum, en Ívar Þórólfur Björnsson meistari. Ívar er forsvarsmaður stefnda. Samningurinn var staðfestur af Iðunni fræðslusetri 17. ágúst 2005.

Neðst á samningseyðublaðið er skráð: *Breyting á 4. grein: Nemi samþykkir að starfsnám hans verði ólaunað.* Stefnandi sagði í aðilaskýrslu sinni að stefndi hefði ekki viljað gefa upp laun. Hann hefði sagst mundu borga eftir efnum og ástæðum og allt undir borðið. Þeir hafi stundum rætt um launin. Ívar hafi stungið upp á því að hann greiddi verkfæri er hann hafði pantað, sem innborgun á launin.

Ívar Þórólfur Björnsson lýsti fyrir dómi aðdragandanum að því að hann gerði samninginn við stefnanda. Hann sagði að hann hafi ekki þurft að taka nema á þessum tíma, en hann hafi fallist á að gera samninginn við stefnanda. Stefnandi

hefði sagt að hann þyrfti ekki að greiða honum nein laun því að hann fengi örorkubætur. Það hafi verið forsenda af sinni hálfu að stefnandi tæki ekki laun, hann hafi ekki skilað neinu.

Stefndi lagði fram bréf Þorvaldar K. Þorsteinsson, löggilts endurskoðanda, dags. 4. júní 2009. Þar svaraði endurskoðandinn spurningum lögmanns stefnda. Hann segir m.a.: *Frá hausti 2005 voru tveir launþegar, Ívar Björnsson og Ívar B. Ívarsson í fullu starfi hjá félaginu. Ljóst er því að afkoma félagsins hefur engan veginn staðið undir eðlilegum launum fyrir þá starfsmenn sem til staðar voru hvað þá ef til viðbótar starfsmanna hefði komið.*

Stefnandi kvaðst hafa skráð vinnutímann. Hann hafi skráð eftir viðveru sinni á staðnum. Hann sagði að munir er hann smíðaði hefðu verið seldir í búðinni. Þeir hafi aldrei rætt hvernig ætti að skrá tímann. Stimpilklukka hafi ekki verið á staðnum. Forsvarsmaður stefnda taldi að vinnutíminn væri ekki rétt skráður hjá stefnanda. Hann hefði beðið starfsmann Iðunnar að skrá vinnutíma stefnanda á vinnuvottorðið. Þar vanti ekki neitt upp á.

Samkvæmt áskorun stefnda lagði stefnandi fram skattframtöl sín árin 2006-2009. Þar er ekki getið neinnar kröfu á hendur stefnda.

Hinn 10. mars 2008 ritaði forsvarsmaður stefnda á eyðublað frá Iðunni fræðslusetri er nefnist Riftun – samkomulag um riftun á námssamningi. Eyðublað þetta er ætlað til undirritunar beggja aðila, enda nefnt samkomulag. Ástæða riftunar er skýrð svo: *Ég fyrrgreindur meistari í gull- og silfursmíði óska eftir að rifta námssamningi við Guðmund Blöndal 180654-5509 vegna trúnaðarbrests.*

Stefnandi ritaði ekki á þetta blað. Neðst á það er ritað: *10/3 '08 nema sent bréf.*

Stefnandi sagði fyrir dómi að mánudaginn 13. janúar hafi Ívar sakað sig um að hafa stolið tveimur og hálfri milljón úr peningaskápnnum í versluninni. Eftir þetta hafi hann ekki fengið að koma á verkstæðið til að vinna.

Stefnandi ritaði Iðunni bréf dags. 12. mars 2008. Þar mótmælir hann einhliða uppsögn stefnda á námssamningnum.

Ívar Þórólfur Björnsson gaf hinn 29. apríl 2008 út svokallað vinnuvottorð á eyðublaði frá Iðunni fræðslusetri. Þar er starfstími stefnanda sundurliðaður og hann talinn hafa verið samtals 58 vikur. Vegna þessa ritaði Iðan stefnanda bréf þann 12. maí og benti honum á að vinnustaðanám í gull- og silfursmíði væri 72 vikur. Þá ætti hann eftir að ljúka lokaönn við Iðnskólann.

Stefnandi ritaði af þessu tilefni langt bréf til Iðunnar, þar sem hann mótmælir tilgreiningu vinnutíma í áðurgreindu vottorði sem rangri. Skýrir hann vinnu sína nánar og kveðst hafa unnið samtals 95 vikur á verkstæði stefnda.

Aðilar náðu ekki niðurstöðu um vinnutímann. Stefnandi leitaði til lögmanns, sem sendi stefnda innheimtubréf dagsett 20. nóvember 2008. Bréfinu var svarað með bréfi lögmanns stefnda dagsettu 18. desember.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á námssamningi sínum við stefnda. Hann vísar til 1. gr. laga nr. 55/1980. Kjarasamningur mæli fyrir um lágmarkskjör starfsmanna. Samningur um lakari rétt milli aðila sé ógildur. Um rétt stefnanda á hendur stefnda gildi kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og Samiðnar – sambands iðnfélaga. Telur stenandi sig eiga inni ógreidd laun á starfstíma sínum frá 15. mars 2005 til 10. mars 2008.

Þá telur stefnandi sig eiga rétt á orlofi samkvæmt lögum nr. 30/1987. Orlof nemi 10,17% af launum.

Í yfirliti um leiðréttu stefnukröfu eru í 27 liðum talin laun sem stefnandi telur ógreidd. Er í stefnu rakinn fjöldi vinnustunda hvern mánuð og tímakaup. Stefnandi hóf störf í mars 2005, en hann hætti í janúar 2008 eins og áður segir, er stefndi rifti samningi við hann. Ekki er í þessu máli fjallað um réttmæti þeirrar riftunar, en stefnandi krefst aðeins launa til þess dags er hann hætti störfum. Stefnandi krefst launa fyrir 27 mánuði á þessu tímabili. Þar sem athugasemdir eru ekki hafðar uppi við þessa sundurliðun eða gagnkrafa um lækkun stefnukröfu, er ekki nauðsynlegt að rekja þessa sundurliðun frekar.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til þess að samið hafi verið um að stefnandi fengi ekki laun á námssamningstíma sínum. Þessi skipan hafi verið forsenda fyrir samningnum af sinni hálfu, en reksturinn hafi ekki getað staðið undir því að hafa nema á launum. Stefnandi hafi verið fjár síns ráðandi og því hafi honum verið frjálst að gera slíkan samning.

Stefndi segir að það hafi verið forsenda fyrir samningnum að stefnanda yrðu ekki greidd laun.

Stefndi vísar til þess að á vinnuvottorði, er Iðan fræðslusetur hafi útbúið og sent honum, sé staðfest að stefnandi fengi ekki laun. Því komi lög nr. 55/1980 þessu máli ekki við. Þá eigi lög nr. 28/1930 ekki heldur við, en samið hafi verið um að ekki skyldi greiða nein laun.

Stefndi segir að kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og Samiðnar eigi ekki við hér. Þar sé mælt fyrir um lágmarkskjör fyrir laun iðnnema. Launum verði að vera til að dreifa, en svo sé ekki í samningi aðila. Ekkert í lögum banni mönnum að vinna kauplaust.

Stefndi vísar til meginreglna samningaréttar.

Forsendur og niðurstaða

Aðilar gerðu með sér formlegan námssamning þar sem stefnandi gerðist nemi hjá forsvarsmanni stefnda, starfandi hjá stefnda sem vinnuveitanda. Óumdeilt er að samið var svo um skriflega að stefnandi fengi ekki laun. Stefnandi heldur því fram að þetta ákvæði hafi verið til málamynda. Það hafi verið sett til að stefndi þyrfti ekki að greiða tryggingagjald.

Vegna þess forms sem aðilar völdu á samningssamband sitt gilda um skipti þeirra lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Samningur um að stefnandi skyldi ekki fá laun var því ógildur samkvæmt 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 69/1993. Bann laganna við að víkja frá kjarasamningi til lækkunar launa gildir jafnt um það tilvik er samið er um að engin laun skuli greidd. Skráning á ýmiss konar skjöl breytir þessu ekki.

Það stoðar ekki stefnda að bera fyrir sig að stefnandi hafi ekki unnið neitt nýtilegt. Stefndi hafði húsbóndavald og skipulagði starfsemi sína, einnig starf stefnanda. Stefnda bar einnig að halda til haga upplýsingum um starfstíma stefnanda. Er ekki unnt að byggja á skráningu þeirri sem hann segir stafa frá starfsmanni Íðunnar, honum bar sjálfum að halda til haga öruggum upplýsingum um vinnutímann. Upplýsingar um afkomu stefnda skipta hér ekki máli. Þá hefur stefnandi ekki fallið frá kröfum sínum í skattframtölum.

Að þessu virtu verður að fallast á að stefnda beri að greiða stefnanda laun. Þá verður að byggja á skráningu stefnanda sjálfs á vinnutíma sínum, en henni hefur ekki verið hnekk.

Stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 3.775.438 krónur. Stefnandi krefst dráttarvaxta frá 10. mars 2008. Fjárkröfu sína virðist hann fyrst hafa gert skýrlega með bréfi lögmanns í nóvember 2008. Er rétt að dráttarvextir dæmist frá stefnubirtingardegi, 17. febrúar 2009.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, samtals 300.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts. Stefndi verður dæmdur til að greiða sömu fjárhæð í ríkissjóð.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Stefndi, Gull og demantar ehf., greiði stefnanda, Guðmundi Blöndal, 3.775.438 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 17. febrúar 2009 til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 300.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Stefndi greiði 300.000 krónur í málskostnað til ríkissjóðs.